

Örnefnaskráning í Dalabyggð

XII. Hluti – Dagverðarnes



Hulda Birna Albertsdóttir

Desember 2013

NV nr. 31-13

Útdráttur

Örnefnaskráning í Dalabyggð er samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða, Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar og hófst 2010.

Markmið verkefnisins er að skrá jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði og eru í Dalabyggð.

Í verkefninu felst að ræða við heimildamenn og staðsetja örnefni á tiltekinni jörð á stafrænt landupplýsingarkort (GIS). Örnefnaskrár Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru notaðar sem grunnheimild.

Alls voru skráð 151 örnefni í landi Dagverðarness en 67 af þeim náðust ekki á kort vegna skorts á heimildum.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Efnisyfirlit	3
Myndaskrá	4
Inngangur	5
Aðferðir	6
Dagverðarnes	7
Skráning örnefna í Dagverðarnesi.....	8
Örnefni Dagverðarnes.....	11
Kort 1	45
Kort 2	46
Kort 3	47
Kort 4	48
Kort 5	49
Kort 6	50
Kort 7	51
Umræður	52
Þakkir	52
Heimildir	53

Myndaskrá

Mynd 1. Dagverðarnes.....	11
Mynd 2. Hluti af Kragavelli	11
Mynd 3. Bolli (fjær) og Marhnútur	15
Mynd 4. Bæjarvogur	17
Mynd 5. Stóra- og Litla Hjallflaga.....	17
Mynd 6. Bænhúshólmi	18
Mynd 7. Strýta	20
Mynd 8. Strýta	21
Mynd 9. Grjótbyrgi	21
Mynd 10. Vesturhöfn/Írahöfn.....	26
Mynd 11. Mýri á Hrísey.	36
Mynd 12. Hrísey.....	37

Inngangur

Örnefnaskráning í Dalabyggð var verkefni unnið af Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og Dalabyggð. Markmiðið var að taka jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði, en í einstaka tilvikum voru teknar jarðir með sem lágu ekki að sjó.

Örnefnaskráning hófst sumarið 2010 þar sem skráðar voru fornleifar á tveimur jörðum samhliða örnefnaskráningunni. Sóley Valdimarsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur sá um örnefnaskráninguna þangað til í október 2010 en þá tók Hulda Birna Albertsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur við skráningunni.

Í þessari skýrslu verður fjallað um örnefni á landi Dagverðarness og er þetta tólfti hluti verkefnisins. Búið er að taka fyrir: Ólafsdal (Hulda Birna Albertsdóttir 2010), Stóra og Litlaholt (Hulda Birna Albertsdóttir 2012), Tjaldanes og Lambanes (Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir 2012a), Innri Fagradal og Fagradalstungu (Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir 2012b), Ytri Fagradal (Hulda Birna Albertsdóttir 2013a), Heinaberg og Nýp (Hulda Birna Albertsdóttir 2013b) Klifmýri, Tinda og Búðardal (Hulda Birna Albertsdóttir 2013c), Skarðsá og Geirmundarstaðir (Hulda Birna Albertsdóttir 2013d), Skarð (Hulda Birna Albertsdóttir 2013e), Á og Kross (Hulda Birna Albertsdóttir 2013f) Kvennahól og Stakkaberg (Hulda Birna Albertsdóttir 2013g).

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Skrárnar skipta þúsundum og er sú elsta frá árinu 1910 (arnastofnun.is, sótt á vef þann 4.10.2010). Þessar skrár eru mikilvæg heimild m.a. um menningu, sögu, landsnytjar og náttúruvar (m.a. Brink 1999). Einnig má halda því fram að þær séu hluti af menningar- og náttúruverðmætum. Örnefni sem varðveitast einungis í munnlegri geymd eiga á hættu að glatast þegar þörfin fyrir þau minnkar vegna breyttra aðstæðna (Guðrún Gísladóttir 1980). Því er mikilvægt að safna og staðsetja örnefni með hjálp staðkunnugra ásamt því að skrá niður merkingu þeirra, aldur og tilefni nafngiftar.

Skráðar voru niður boðleiðir í Saurbæjarhreppi og Skarðshreppi. Leitarseðlar voru fyrst og fremst sendir með þessum hætti á milli staða en einnig einstaka fundarboð. Í þessari skýrslu verður ekki talað um boðleiðir þar sem ekki fengust heimildir fyrir boðleiðum í Klofningshreppi og tilheyrði Dagverðarnes þeim hreppi.

Aðferðir

Skráningin byggir fyrst og fremst á leiðbeiningum um örnefnaskráningu frá Stofnun Árna Magnússonar. Skráning á vettvangi er með aðstoð heimildarmanna. Aðrir þættir eru t.d. heimildaöflun, frágangur, kortagerð og fleira.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var aðal heimild verkefnisins. Fundað var með heimildarmönnum þar sem þeir voru beðnir að lesa yfir örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar og staðsetja þau jafnóðum á útprentaða loftmynd. Heimildarmenn voru einnig beðnir um að koma með athugasemdir eða viðbætur við núverandi örnefnaskrá. Sérstaklega var reynt að fá útskýringar á örnefnum sem ekki höfðu augljósa merkingu. Í þeim tilvikum þar sem ekki var hægt að staðsetja örnefni nákvæmlega á loftmynd var farið á staðinn og tekinn GPS-staðsetningahnit í isnet93 hnitakerfinu og eru staðsetningar í skýrslu alltaf skráðar í austur og norður. Teknar voru ljósmyndir þar sem sá möguleiki var fyrir hendi.

Frágangur á gögnum fól í sér að færa staðsetningu örnefnanna inn á stafrænan loftmyndagrunn. Með því fékkst nákvæm staðsetning á þeim örnefnum sem merkt voru beint á útprentuðu loftmyndina. Niðurstöður gáfu af sér kort með örnefnum innan hvernar jarðar sem og örnefnalista sem greint er frá í þessari skýrslu.

Loftmyndir sem notaðar voru eru teknar í 3500 m hæð og eru frá árinu 2003. Myndirnar eru í eigu Dalabyggðar, en keyptar frá Loftmyndum ehf. Viðtöl við heimildarmenn voru tekin upp með Olympus VN-5500PC upptökutæki. Ljósmyndir voru teknar á stafrænar myndavélar af gerðinni Canon EOS 500D og eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða/ljósmyndara, sem í þessu tilviki var Hulda Birna Albertsdóttir, nema annað sé tekið fram. GPS-staðsetningarpunktar voru teknir með Garmin 60CSx. Frágangur gagna fól í sér gerð stafrænna korta í Microstation v8i.

Dagverðarnes

Dagverðarnes er staðsett í Skarðstrandarhreppi í Dalasýslu, sem er nú Dalabyggð og er í útsuður af Klofningsfjalli. Dagverðarnes fékk nafnið þegar Auður djúpúðga fór frá Bjarnarhöfn og lenti þar með lagsmenn sína, og áttu þau þar dögurð. Ekki er víst hvort Dagverðarnes hafi verið byggt á þeim tíma en það hefur samt sem áður verið byggt frekar snemma (Örnefnakrá Dagverðarness). Nefndar eru þrjár hjálegur frá Dagverðarnesi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Önnur er Tröð sem er gömul hjálega, en hún liggur í eyði þegar sú bók er skrifuð. Búið var í Skáley þá en eru nú einungis rústir þar. Sú þriðja var kölluð Dagverðarness Sel. Sú hjálega hafði afskipt land (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938).

Dagverðarnes er mjög vogskorið land og með fjölda af nesjum, töngum og víkum (Árni Björnsson, 2011). Þegar Jarðabókin var rituð var jörðin erfið búskapar en útgangur var samt góður, skógur ágætur fyrir til kola og eldiviðar. Sölvafjara var mjög léleg og selveiði lítil og reki lítill. Heimræði slæmt vegna fiskileysis og eggver eða dúntekja ómarksverð. Engjar voru taldar mjög litlar og slæmar. Hagar blésu upp í stórviðrum og skógur kól, og féll smásaman. Foræði var víða og með því skapaðist hætta fyrir bústofn og varð hann oft fyrir skaða. Flæðihætt var víða. Vatnsból voru það slæm að bræða þurfti snjó til vatns, þegar hann var til staðar. Vegurinn var langur og illfær að kirkjunni og bænum (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938).

Dagverðarnes fór í eyði um miðja 20. öld en afkomendur síðustu eigenda dveljast þar talsvert á sumrin.

Örnefnaskráin frá Stofnun Árna Magnússonar var skráð 28. Febrúar 1923 af Andrjesi H. Grímólfssyni en Einar G. Pétursson skráði athugasemdir frá Selmu Kjartansdóttur eftir það, en hún er án ártals.

Kristinn Sveinsson fór yfir örnefnaskrár Stofnun Árna Magnússonar með skýrsluhöfundu og staðsetti örnefni sem staðsett eru á loftmynd, ásamt því að ljósmyndir voru notaðar til aðstoðar. Kristín Fanndís Jónsdóttir sendi Náttúrustofunni myndir af Dagverðarnesi árið 2010 og eru þær notaðar í skýrslunni.

Sumar staðsetningar hafa ekki verið staðfestar af heimildamönnum og einungis farið eftir lýsingu örnefnaskrá við að staðsetja, en þau örnefni eru merkt í skýrslu með: (*ekki staðfest hnit*) fyrir aftan hnit.

Skráning örnefna í Dagverðarnesi

Í örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa örnefnum verið gefin raðnúmer eftir því hvar þau koma fyrir í lýsingu hvernar jarðar. Hér eru örnefnin látin halda þeim númerum og ný örnefni fá oftast númer í framhaldi af því síðasta. Í einstaka tilvikum var nýju örnefni gefið sama númer og annað sem fyrir var á listanum með viðbótinni *a* og *b* fyrir aftan. Var þetta gert þar sem nýtt örnefni tengdist eldra nafni. Í skráningarlista hér á eftir eru örnefnin fyrst talin upp í stafrófsröð en á eftir fylgja nánari upplýsingar um hvert og eitt í númeraröð. Örnefnin eru svo staðsett á loftmynd á kort 1 til 6 þar sem örnefnið er staðsett á vinstri hlið niðri á örnefninu.

Akurey 118	Digranesborg 86
Akureyjarsker 119	Digranesflaga 127
Altarishorn 17	Einarsvogsbrekkur 52
Arnarstöng 81	Einarsvogslaga 57
Austurhaus 132	Einarsvogshæðir 51
Austurvaðlar 133	Einarsvogur 50
Benediksgjá 115	Einiberjahólmi 126
Bolli 22	Flathólmi 113
Brandásflói 101	Gránuvogur 58
Brandásar 92	Grjóthóll 44
Brunnhóll 14	Grænhólmi 25
Byrgisásar 87	Græni-tangi 100
Bæjarhóll 03	Háás 78
Bænhúshólmi 31	Hádegisskarð 106
Bænhúshólmarif 32	Hamar 65
Bæjarsker 138	Hamarsholt 74
Bæjarvogur 28	Hamarsvogur 66
Dagverðarnes 01	Hesthúshóll 19
Digranes 85	Hesthústún 18

Hjallholt 36	Lónborg 103
Hnífsholt 9	Marhnútur 23
Hnúkstangahólmi 117	Marklækur 90b
Hnúkstangi 116	Marknes 90a
Hrísey 107	Miðás 94
Hríseyjargata 08	Miðdegisflói 76
Hríshólmar 56	Miðdegisholt/Miðmundaholt 77
Húsaborg 104	Miðmundaholt/Miðdegisholt 77
Húsaföt 05	Miðvallarbarð 09
Hvíldarhólmi 120	Miðvöllur 07
Höfn 61	Mörhaus 64
Jónssker 67	Náttmálahæðir 40
Kálfsbrekkuholt 111	Neðriborg 105
Kirkjuhólar 13	Norðurholt 131
Klif 73b	Norðrhúsatún 15
Klifsholt 73a	Norðurvogur 130
Kragavöllur 02	Norðurvöllur 12
Kragi 04	Purkeyjarásar 79
Krossásakelda 97	Raftangastöng 82
Krossásar 96	Raftatangi 80
Kvenhólsvogur 17b	Rauðalækur 89
Kvíaból 10	Reiðsteinn 142
Langihryggur 114	Rifjahólmar 112
Leirvogur 63b	Rollusker 48b
Líkhólmi 139	Rósuhóll 16
Lyngey 68a	Saltnesrif 27a
Lyngeyjarflögur 69	Sandhólar 55
Lyngeyjarrif 68b	Selás 93
Lyngeyjarsker 70	Selvík 46
Litla- Hjallflaga 30	Selvíkurklettur 47
Litla- Purkey 83	Skálanes 84
Litli-Straumur 36	Skáley 124a
Lón 21	Skáleyjarvatn 124b

Lónásar, efri 99a	Straumvararklettur 121
Lónásar, neðri 99b	Strýta 43
Skáleyjarstraumur/ Skálastraumur/Stráksstraumur 137	Strýtuvogur 42
Skjólhamar 122	Suðurhúsatún 06
Skjólhamarsflói 123	Sultarhólmi 63a
Skollatangi 134	Svartbakasker 24
Skollhólmi 135	Syðriborg 54
Snóksey 60	Tjaldaflaga/Jensflaga 59
Spillir 141	Tjarnarholt 75
Spillisflaga 140	Tröð 11
Stekkjarborg 53	Vaðlahólmar 128
Stekkjarholt 109	Vaðlar 125
Stilluhólavöllur 20	Vatnsstapar 108
Stóraborg 98	Vesturhaus 129
Stóra-Hjallflaga 29	Vesturhöfn/Írahöfn 62
Stóra rif 26	Vesturnes 41
Stóri-Straumur 35	Vesturnesjaflaga 49
Stórutjarnarrif 37	Vesturnesjató 45
Stóratjörn 38	Vondakelda 88
Stórutjarnarflói 39	Vörðuás 95
Stráksborg 102	Vörðuhólmi 136
Stráksflaga 72	Ærsker 48a
Strákshólmi 71	
Straumshólmi 33	

Örnefni Dagverðarnes


Dagverðarnes 01

Staðsetning: A335086 A523511

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Bærinn stendur nálægt því í miðju Dagverðarneslandi og er túnið að miklu leiti umflotið af sjó.

Kort: Kort 1.



Mynd 1. Dagverðarnes. @ Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Kragavöllur 02

Staðsetning: A335094 N523504

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Norðvestan til í honum var bærinn.

Kort: Kort 1.



Mynd 2. Hluti af Kragavelli. @ Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Bæjarhóllinn 03

Staðsetning: A335083 N523527

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Sunnanvert við bæinn stóð bæjarhóllinn með allmiklum halla.

Kort: Kort 1.

Kragi 04

Staðsetning: A335154 N523454

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkuð fyrir austan bæinn var fjósið og hlaðan. Þar suður af er hóll sem nefndur er Kragi. Vestan frá stóru mýrinni fyrir neðan bæinn eru mýradrög austur eftir og varð af því kringt innan úr hólnum, Kraga, og uppi á hólnum austan til er reiðgata heim að bænum.

Kort: Kort 1.

Húsaflöt 05

Staðsetning: A335110 N523519

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Sunnan til við mýrardragið og á henni sunnarlega voru fjárhúsin.

Kort: Kort 1.

Suðurhúsatún 06

Staðsetning: A335230 N523544

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir sunnan Kragavöll og það náði að túngarði og upp að reiðgötu.

Kort: Kort 1.

Miðvöllur 07

Staðsetning: Ekki staðsett vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austur af bænum og náði frá reiðgötunni heim að bæ og norður að Hríseyjargötu.

Hríseyjargata 08

Staðsetning: A335364 N523588

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Suður frá reiðgötunni.

Kort: Kort 1.

Miðvallarbarð 09

Staðsetning: A335279 N523502

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Ofan til á Miðvelli.

Kort: Kort 1.

Kvíaból 10

Staðsetning: A335269 N523441

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Miðvallarbarð og liggur miklu lægra en völluminn; þar er haldið að hafi verið hjáleган Tröð því þar sést fyrir löngu vallgróunum húsatóttum og hvergi annarstaðar sjást rústir í Dagverðarneslandi.

Kort: Kort 1.

Tröð 11

Staðsetning: A335269 N523426

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Miðvallarbarð og liggur miklu lægra en völluminn; þar er haldið að hafi verið hjáleган Tröð því þar sést fyrir löngu vallgróunum húsatóttum og hvergi annarstaðar sjást rústir í Dagverðarneslandi.

Kort: Kort 1.

Norðurvöllur 12

Staðsetning: A335148 N523594

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Norður af bænum fyrir vestan Hríseyjargötu. Ofan til á honum eru vallgrónar tóttir sem auðsjáanlega eru fjárhústóttir, en heiman til á honum er kirkjan og kirkjugarðurinn í kring, rétt undir bæ.

Kort: Kort 1.

Kirkjuhólar 13

Staðsetning: A335086 N523563

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Langir og sléttir hólar í Norðurvelli, norður af kirkjunni.

Kort: Kort 1.

Brunnhóll 14

Staðsetning: A335026 N523577

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestur af Kirkjuhólum og vestan til í Norðurvellinum.

Kort: Kort 1.

Norðurhúsatúnið 15

Staðsetning: A335142 N523643

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Norðvestur af Kirkjuhólum, nokkuð lægra en völlurinn og nær að sjó og suður að mýri við brunnana.

Kort: Kort 1.

Rósuhóll 16

Staðsetning: Ekki staðsett vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Norður af brunnunum er einstakur hóll næstur kirkjuhólum.

Altarishorn 17

Staðsetning: A334998 N523630

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Kletthornið vestan til á Norðurhúsatúninu, rétt við landinguna.

Kort: Kort 1.

Hesthústún 18

Staðsetning: A335061 N523629

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestan til við brunnanna. Í því var Hesthúshóllinn.

Kort: Kort 1.

Hesthúshóll 19

Staðsetning: A335066 N523644

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Í Hesthúsatúni. Norðan til á honum voru hesthúsín.

Kort: Kort 1.

Stilhólavöllur 20

Staðsetning: A335119 N523653

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Guðmundur Daðason, bróðir Guðlaugs á Heinabergi, var í ungdæmi sínu vinnumaður í Dagverðarnesi hjá séra Lárusi M. S. Johnsen (dó 1859). Hann sagði að í hans tíð þar hefði Hesthústúnið og Norðurhúsatúnið í sameiningu verið kallað Stilhólavöllur, og að líkindum fengið nafnið af því að þegar farið var frá bænum ofan í landið, voru stillur, síðar brú, yfir mýrarsund ofan á Hesthúshólinn og af honum aftur yfir tjarnarós, síðar brú, ofan á holtin.

Kort: Kort 1.

Lón 21

Staðsetning: A335483 N523517

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Allstórt vatn eða sjór fyrir austan túnið. Það nær langt upp eftir; Hrísey er vestanvert við það, en Lónásar og fl. austanvert. Á túninu á Hrísey er hátt rif, og fellur með fossfalli miklu yfir það úr Bæjarvoginum og inn í Lónið um stórstraum. Í Lóninu eru hólmar, sem ritaðir eru hér á eftir.

Kort: Kort 1.

Bolli 22

Staðsetning: A335384 N523481

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Hólmi í Lóni, næst Kvíabólinu. Allhár hólmi með lágum fitjum í kring. Má líkja honum við bolla á undirskál.

Kort: Kort 1.



Mynd 3. Bolli (fjær) og Marhnútur (nær) út í Lóninu.

Marhnútur 23

Staðsetning: A335446 N523398

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Hólmi í Lóni. Sunnar en Bolli er langur hólmi með hól norðan til.

Kort: Kort 1.

Svarbakasker 24

Staðsetning: A336053 N523766

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Lítill hólmur ofarlega í Lóninu.

Kort: Kort 3.

Grænhólmi 25

Staðsetning: A336425 N524173

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Ofar en Svartbakasker, nálægt Hrísey.

Kort: Kort 3.

Stóra rif 26

Staðsetning: Ekki staðsett vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Ofar en Grænhólmi er staksteinótt rif yfir Lónið, frá Rifjahólmunum og yfir undir Litlu-Borg (í Sellandi). Nokkru ofar er hátt rif yfir Lónið, ofan til af Rifjahólmunum og yfir undir Selland. Yfir þetta rif fellur úr Kvenhólsvogur inn í Lónið um stórstraum.

Saltnesrif 27a

Staðsetning: A337010 N524716

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Pangrif af Hrísey og upp í Saltnes í Sellandi.

Kort: Kort 3.

Kvenhólsvogur 27b

Staðsetning: A337418 N525613

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Eftir Saltnesrif tekur við Kvenhólsvogur. Kvenhólsvogur liggur með allri Hrísey að norðanverðu (eldra: Álftavogur).

Kort: Kort 3.

Bæjarvogur 28

Staðsetning: A335008 N523906

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Norðvestur af Dagverðarrestúninu og kringum það upp að Hríseyjarrífi. Í honum eru hólmar.

Kort: Kort 2.



Mynd 4. Bæjarvogur. Strýta sést til vinstri á myndinni og Bænhúshólmi á miðri mynd.


Stóra – Hjallflaga 29

Staðsetning: A335017 N523753

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness. Kristín Fanndís Jónsdóttir, munnleg heimild, 2010.

Lýsing/ Staðhættir: Næst Norðurhúsatúninu í Bæjarvoginum heita Hjallflögur: Stóra-Hjallflaga og Litla – Hjallflaga. Í báðum eru gamlar grjóthjallarústir. Hugsanlega þurrkhjallar fyrir fisk.

Kort: Kort 1,2.



Mynd 5. Stóra- og Litla Hjallflaga. @ Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Litla hjallflaga 30

Staðsetning: A335073 N523772

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Næst Norðurhúsatúninu heita Hjallflögur: Stóra- Hjallflaga og Litla – Hjallflaga. Í báðum eru gamlar grjóthjallarústir.

Kort: Kort 1,2.

Bænhúshólmi 31

Staðsetning: A334881 N523937

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Framar í veginum en Hjallflögunar.

Kort: Kort 1,2.



Mynd 6. Vinstra megin á myndinni Bænhúshólmi. @ Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Bænhúshólmarif 32

Staðsetning: A334812 N523999

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Rif nokkuð út í veginn norður af Bænhúshólmanum.

Kort: Kort 1,2.

Straumshólmi 33

Staðsetning: A334816 N524346 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fremst í veginum.

Kort: Kort 2.

Stóri Straumur 35

Staðsetning: A334790 N524322 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Milli Straumshólma og Grjóthóls.

Kort: Kort 2.

Litli – Straumur 36

Staðsetning: A334844 N524363 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Milli Straumshólma og Hríseyjar.

Kort: Kort 2.

Hjallholt 36

Staðsetning: A334846 N523465

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan túnið og tjörnina. Norðan til á því eru hjallarústir á þremur stöðum.

Kort: Kort 1,2.

Stórutjarnarrif 37

Staðsetning: A334698 N523631

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Rif sem farið er yfir af holtunum þegar farið er ofan í landið (kallað Niðurlandið). Fyrir neðan rifið er Bæjarvogurinn.

Kort: Kort 2.

Stóratjörn 38

Staðsetning: A334603 N523515

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir ofan Stóru – Tjarnarrifin, útsunnan. Nokkuð löng tjörn.

Kort: Kort 2.

Stóru – tjarnar – flóinn 39

Staðsetning: A334675 N523423

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir austan tjörnina.

Kort: Kort 2.

Náttmálahæðir 40

Staðsetning: A334628 N523765

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Stóru-Tjarnarrifið eru holt, en næst Strýtuvog eru Náttmálahæðir.

Kort: Kort 2.

Vesturnes 41

Staðsetning: A334123 N524215

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vesturnesin taka við af Náttmálahæðum. Þegar Geirmundur og Kjallakur deildu um land milli Klofninga og Fábeinsár og börðust á ekrinum fyrir utan Klofninga (þ.e. Kvenhóli) og Björn og Vestar fóru að sætta þá, lenti Vestar í Vestarsnesi. Þetta örnefni er hvergi hér til og löngu týnt. Þykir líklegt að Vestarnes sé einmitt það sem nú er kallað Vesturnes, því sennilegast er að þeir hafi lent í Dagverðarnesi. En það er heldur ekkert af þessum nesjum í vestur frá Dagverðarnesbænum og nær ekkert af þeim suður í miðaftanseyktina; en bærinn hefur áreiðanlega alla tíð staðið þar sem hann er nú.

Kort: Kort 2.

Strýtuvogur 42

Staðsetning: A334568 N523930

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Milli Vesturnesanna og Náttmálahæðanna. Hann er allur með steinum hér og þar, gengur úr Bæjarvoginum til vesturs fyrst og beygist svo til útsuðurs og nær rétt að kalla upp undir Einarsvogshæðir.

Kort: Kort 2.

Strýta 43

Staðsetning: A334646 N524104

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Að austanverðu í Vesturnesjunum og norður af Náttmálahæðum og Strýtuvog er tangi austur í Bæjarvoginn, á honum framanvert er hár klettur með vörðu, sem sýnist frá bænum vera ferkantaður sem kallaður er Strýta.

Kort: Kort 2.



Mynd 7. Strýta sést fyrir miðri mynd.

Grjóthóll 44

Staðsetning: A334646 N524087

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Undir klettinum Strýtu, að sunnanverðu við hann er lítið grjótbyrgi gamalt og hrúnið. En svo vottar fyrir mjög fornfálegum garði við sjóinn, sunnanvert á tanginum og gæti maður vel að, má sjá votta fyrir garðinum vestur eftir holtunum og hverfur hann þar, svo að engin vottur sést fyrir honum. En norður á klettunum, hjá dálítilli vík, er eins og votti fyrir mannaverkum, og hefði þá garðurinn átt að beygjast í rétt horn, suður á holtunum ef hann þá nokkurn tímann hefur verið stærri og lengri, en nú vottar fyrir. Til hvers garður þessi hefur átt að vera, jafn mikið verk á svo litlum tanga og þessi er, er ekki gott að segja. Í norður frá Strýtu er hár og stór hólmi, sem heitir Grjóthóll. Fram í hann úr Vesturnesjunum er hátt rif, sem fellur yfir um stórstraum, með miklu fossfalli. Milli Grjóthóls og Strýtu, allhátt rif, yfir vík vestur úr Bæjarvoginum, en þegar að Grjóthól dregur eru það staksteinar einir.

Kort: Kort 2.


Vesturnesjatá 45

Staðsetning: A333685 N524446

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nyrsti tanginn af Vesturnesjunum.

Kort: Kort 2.



Mynd 9. Grjótbyrgi upp á Strýtu. © Kristín Fanndís Jónsdóttir.



Mynd 8. Tekið ofan í grjóthringinn. Ef horft er niður eftir honum sést móta fyrir grjótgarðinum sem hefur verið hlaðinn meðfram ströndinni. © Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Selvík 46

Staðsetning: A333708 N524208

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkuð fyrir sunnan tána, að vestanverðu í nesjunum, er lítil vík kölluð Selvík.

Kort: Kort 2.

Selvíkurklettar 47

Staðsetning: A333750 N524135

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestan til við Selvík, allháir klettar.

Kort: Kort 2.

Ærsker 48a

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Framundan Selvíkurklettum, fjarar á það.

Rollusker 48b

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fram af Ærskerum, fjarar aldrei á. Nokkru vestar en Ærsker, langur grasi vaxinn hólmi.

Vesturnesjaflaga 49

Staðsetning: A333727 N524705 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Á mótis við Ærsker og er vestasta horn nesjanna.

Kort: Kort 2.

Einarsvogur 50

Staðsetning: A333641 N523596

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Á móts við Vesturnesjafloguna er vestasta horn nesjanna og beygjast þá nesin í landsuður, og skerst þar inn vogur milli þeirra og Hríshólmannna, sem heitir Einarsvogur. Hann nær nokkuð langt upp, nærri upp undir Stekkjarborg, og fast upp að Hríshólmarifi.

Kort: Kort 2.

Einarsvogshæðir 51

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Tvær eru lendingar að útsunnanverðu í Vesturnesjunum og heitir hvortveggja að lenda í Einarsvogi; í báðum landingunum eru mjög fornfáleg naust, en sést þó allvel fyrir þeim. Fyrir austan heimari landinguna heita Einarsvogshæðir.

Einarsvogsbrekkur 52

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Með Einarsvogshæðum að sunnanverðu.

Stekkjarsborg 53

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Suður af Einarsvogshæðunum. Vestan undir klettunum á Stekkjarsborginni er stekkurinn og umgirtur túnblettur. Þegar séra Páll J. Mathiesen bjó í Dagverðarnesi (1846-1854) lét hann byggja garð í kringum stekkjartúnið og rækta það. Hefur hann líklegast ekki orðið fyrstur til þess, því annað garðlag, mjög fornfálegt, er innan túns við garðinn á norðurhlið túnsins. Séra Lárus M.S Johnsen lét halda við garðinum og túninu meðan hann bjó í Dagverðarnesi 1859. Magnús hélt lítils háttar við þessu túni fyrst, en síðustu ár sín þar hirti hann ekkert um það (d.1884). Nú er túnið og girðingin löngu komin í kalda kol.

Syðriborg 54

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir sunnan Stekkjarsborgina.

Sandhólar 55

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Útsuður af þessum borgum eru háir hólar, sem skiptast lítilsháttar í tvennt efst, kallaðir Sandhólar. Lyng og gras er lítils háttar upp eftir þeim, en gróðurlaus sandur víðast ofan til á þeim.

Hríshólmar 56

Staðsetning: A333533 N523158 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestur af þeim eru Hríshólmanir, efri og fremri, stórir hólmar, líkjast fastalandi. Tvö rif eru fram í efri hólmana og fellur sjór aldrei yfir annað. Tvö rif eru líka úr efri hólmunum fram í fremri hólmana og fellur yfir bæði um stórstraum. Ekki vottar fyrir að nokkurn tíma hafi verið hrís í hólmunum, þó þeir hafi þetta nafn, en lúsalyng er allmikið í þeim og gras lítilsháttar.

Kort: Kort 4.

Einarsvogslaga 57

Staðsetning: A333632 N523861 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Hólmi er austur af Hríshólmunum norðan til, kallaður Einarsvogslaga. Hún er rétt á móti austari lendingunni í Einarsvogi.

Kort: Kort 4.

Gránuvogur 58

Staðsetning: A333537 N522682 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestarlega í Hríshólmunum heitir Gránuvogur, sem er þó ekki nema allbreið klettagjá, nokkrir tugir metra á lengd. Rif er yfir hann ofarlega, sem fellur yfir um stórstraumfjöru, og lítil tjörn þar fyrir ofan. Þetta nafn er ekki mjög gamalt. Magnús missti þar gráa hryssu, þar var hún dysjuð og þá fékk vogurinn nafnið.

Kort: Kort 4.

Tjaldflaga/Jensflaga 59

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðariness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkru vestar en Gránuvogur er hólmi, sem aldrei fjarar í, nema á leirum og heitir Tjaldflaga. Guðmundur Daðason sagði að þegar hann var hjá séra Lárusi, þá hefði þessi flaga verið kölluð Jensflaga.

Snóksey 60

Staðsetning: A332702 N523164

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðariness.

Lýsing/ Staðhættir: Útsuður af Hríshólmunum er Snóksey, stór ey, mest öll holt og smá flóasund á milli. Ekki fellur frá henni um smástraum. Hólmar eru á rifinu fram í hana úr hríshólmunum, en ekki vitað til að þeir hafi nokkurn tíman haft nafn, og tveir hólmar eru við Snóksey austanverða, háir og klettóttir; ekki voru þeir neitt kallaðir, nema stangir, kenndar við Snóksey. Guðmundur Daðason sagði að séra Lárus hefði átt reiðhest sem hét Snókur, og hefði hesturinn mikið sótt fram í eyna og eyin hefði fengið nafn af honum. Ekki er þetta alveg víst en séra Lárus átti annan reiðhest þegar hann dó sem hét Brúnn.

Kort: Kort 4.

Höfn 61

Staðsetning: A333312 N522915 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðariness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkru fyrir sunnan Hríshólmana er hár og stór hólmi, ef hólma má kalla. Tvö rif eru þangað fram og fellur á flestum flæðum á annað þeirra, en að eins og á stöku stórflæðum á hitt. Þetta er Höfnin, lendingarstaður fornmanna. Sunnan undir hæsta hnúknum á henni eru rústir af kofa, en þær eru ekki gamlar. Í tíð Magnúsar hafði Oddur gamli Ormsson í fremri-Langey og víðar, og Eggert sonur hans í Fremri-Langey eftir hann, ýmsa karla þar til að verja tófu um varptímann fram í eyjarnar, því tvær Langeyjar-eyjarnar eru rétt hjá Höfninni, og höfðu þessir menn í mörg vor aðsetur sitt í þessum kofa. Líklegt er að Ormur gamli hafi fyrstur byggt þennan kofa, og það er víst að hann hafði kofa fyrir sjálfan sig til að vera í um varptímann í annarri þessari ey (Flatey), eftir að hann var kominn að Sælingsdalstungu. Nú er þessi kofi fyrir lögnu orðinn að ómerkilegum rústum. Hár tangi gengur lengst til útsuðurs í Höfninni. Vestan til við hann eru nokkurn veginn sléttar klappir,

upp undan þeim eru mjög gamlar tóttir. Þetta munu vera búðatóttir fornanna. Hugsanlegt er að sú lengsta sé um 20 metrar á lengd, þær eru þrjár alls, hinar eru nokkuð styttri, en allar eru þær mjóar. Nokkru sunnar í Höfninni er sandvík: þar fyrir ofan sandinn á bakkanum er allmikið mannvirki, nokkuð stórt um sig. Þetta hlýtur að vera naust fornanna; nú er það allt vaxið lúsalyngi.

Kort: Kort 4.

Vesturhöfn/Írahöfn 62

Staðsetning: A333148 N522750 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir vestan Höfnina er hár hólmi, og liggur rif úr Höfninni fram í hann. Þetta var kallað Vesturhöfn. (hefur heyrst vera kallað Írahöfn).

Kort: Kort 4.



Mynd 10. Annar ofninn í Vesturhöfn/Írahöfn.
@ Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Sultarhólmi 63a

Staðsetning: A333578 N522453 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austan við Leirvog er hár hólmi, sem heitir Sultarhólmi.

Kort: Kort 4

Leirvogur 63b

Staðsetning: A333072 N523235

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Leirvogur er upp með Höfninni að austanverðu.

Kort: Kort 4.

Mörhaus 64

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Í skerjunum austur af Sultarhólma er lítill hólmi eða klettur með grastó efst og heitir hann Mörhaus.

Hamar 65

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkru austar en Mörhausinn á fastalandinu er klettur við fjöruna, kallaður Hamar.

Hamarsvogur 66

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Sandvíkur eru við Hamarsvoginn, var þar aðallendingin í Dagverðarnessi og kallað að lenda í Hamrinum.

Jónssker 67

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Hæsta skerið fyrir vestan Hamarsvoginn.

Lyngey 68a

Staðsetning: A334223 N522200 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austan til við Hamarinn gengur rif fram í ey, sem heitir Lyngey.

Kort: Kort 4.

Lyngeyjarrif 68b

Staðsetning: A334407 N522001 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Annað rif fer fram í Lyngey austar og eru staksteinar einir við hana; var vanalega kallað austar Lyngeyjarrifið.

Kort: Kort 4.

Lyngeyjarflögur 69

Staðsetning: A334474 N521873 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austur af Lyngey eru flögur grasi vaxnar, kallaðar Lyngeyjarflögur.

Kort: Kort 4.

Lyngeyjarsker 70

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austur af Lyngeyjarflögum.

Strákshólmi 71

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Suður af Lyngey.

Stráksflaga 72

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Purkeyjarmegin við Stráksstrauminn er flaga, sem líka er kennd við strák. Strákur nokkur átti að hafa ætlað sér að vaða yfir Stráksstraum og fram í Purkey, en hafi drepíð sig á því ferðalagi. Þessar sagnir eru líkast til nokkuð gamlar, en voru þó nokkuð algengar en enginn vissi glegra en að segja frá þessu.

Klifsholt 73a

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkru fyrir austan Hamarinn er mjög fornfáleg girðing, með hér um það bil jafnlögnum garði á þrjá vegi; um 8-9 metra á hverja hlið, en engin girðing er á klettunum við fjöruna, sem eru þó mjög lágir og engin vörn ef eitthvað hefur átt að geymast þar. Nú er girðingin öll lyngi vaxin. Skýrar götur voru úr Hamrinum heim að bænum í Dagverðarnessi. Hér um bil á miðri leið er holt, sem heitir Klifsholt.

Klif 73b

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Í austurhorninu á Klifsholti er klifið, og þar beygist það hér um bil í rétt horn, öðru megin í stefnu á Hamarinn, en hinu megin í stefnu á Stekkjarborgina.

Hamarsholt 74

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Undan klifinu er brú yfir flóasund, þá tekur við holt, stórt um sig, kallað Hamarsholt, heimast af því (nyrst) sést fyrst til bæjarins, þegar komið er úr Hamrinum.

Tjarnarholt 75

Staðsetning: A334682 N523279 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Suður undan tjörninni, fyrir neðan Dagverðarnessbæinn, er hátt holt, sem heitir Tjarnarholt.

Kort: Kort 4.

Miðdegisflói 76

Staðsetning: A334856 N522949 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Flóinn fyrir sunnan Tjarnarholt og Hamarsholtið er kallað Miðdegisflói.

Kort: Kort 4.

Miðdegisholt/Miðmundaholt 77

Staðsetning: A335017 N523078 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Í Miðdegisflóanum er lítið holt, kallað Miðdegisholt. Stundum kallað Miðmundaholt.

Kort: Kort 4.

Háás 78

Staðsetning: A335047 N522801 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan flóann er hátt holt, suður undan Hamarsholtinu neðst sem kallað er Háás.

Kort: Kort 4.

Purkeyjarásar 79

Staðsetning: A335324 N522400 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Miðdegisflóann suður undan Háás og austur með sjónum frá Hamrinum eru mörg holt með flóasundum á milli og talsverðu smáhrisi á holtunum; þessi holt heita einu nafni Purkeyjarásar.

Kort: Kort 4.

Raftatangi 80

Staðsetning: A335539 N522116 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Neðst í Purkeyjarásum, við sjóinn heitir Raftatangi, en getur þó naumast borið tanga nafn. Þar hefur verið lent stundum í lítilli malarvík, vestan til við dálítinn hól.

Kort: Kort 4.

Arnarstöng 81

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Syðsta Raftangarstöngin er mjó strýta, vaxin mest að ofan og heitir Arnarstöng.

Raftatangastöng 82

Staðsetning: A335339 N522007 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Rétt fyrir framan Raftanga er dálítill hólmi, kallaður Raftatangastöng. Þar austur undan eru háir hólmar, kallaðir stangir.

Kort: Kort 4.

Litla – Purkey 83

Staðsetning: A334713 N521131 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Þar suður af Arnarstöng er ey, sem heitir Litla-Purkey, rétt vestur undan Skáley og nálægt henni. Vestanvert á Skáley er bærinn og dálítill túnblettur í kring. Þar rétt hjá er Litla-Purkey.

Kort: Kort 4.

Skálanes 84

Staðsetning: A335151 N521454 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austur undan Purkeyjarásunum gengur fram nes, sem heitir Skálanes. Í Skálanesi sunnan til og ofan til er gömul tótt, ekki mjög stór, ekki ósvipuð skemmutótt í tveimur eða þremur stafgólfum.

Kort: Kort 4.

Digranes 85

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir norðan Skálanes er annað nes; vík er á milli þeirra vestur úr vöðlunum. Þetta nes heitir Digranes.

Digranesborg 86

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Bæjarmegin við Digranes er borg, kölluð Digranesborg.

Byrgisásar 87

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Landnorður undan Digranesi eru mörg holt; nyrst, næst Brandásaflóa, eru tvö holt, hæst nyrst. Þessi holt heita Byrgisásar. Undir klettunum að norðanverðu er rúst af litlu grjótbyrgi, ekki stærri en svo að rúmar 3 eða 4 kindur.

Vonda – kelda 88

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Neðan frá Purkeyjarásum, að norðanverðu upp með Digranesborg og upp í Brandásarflóa að vestanverðu við Byrgisása, gengur kelda eftir flóasundum, rótlaust foræði. Þessi kelda heitir Vonda kelda. Magnús lét byggja á tveimur stöðum brýr yfir hana. Ein brú var á henni áður. Nú er þetta allt sokkið, þó enn sjáist fyrir brúarendunum.

Rauðalækur 89

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkuð austur með sjónum frá Digranesi og suður undan Byrgisásum er Rauðalækur; rif er þar yfir sjóinn (vaðlana) og tjörn fyrir ofan; í hana rennur vatn úr flóunum í kring, mest úr Brandásarflóa og eru sumstaðar skurðir og djúpir pyttir við tjörnina. Í örnefnaskrá Stofnun Árna Magnússonar segir: *„En að Rauðalækur falli úr Álftatjörn (nú Lómatjörn) eins og landamerkjaskráin frá 1493 segir, er ekki líklegt eða eftir feninu úr Álftatjörn upp í dalinn (þ.e.Saurpoll) er ekki heldur líklegt. Sama er að segja um landamerkjaskrána 1505 hjá sér Bjarna Sumarliðasyni. Þetta hefur líka fljótt séð jafn vitur maður og Daði sýslumaður í Snóksdal og þau landamerki sem hann setti eru samhlóða eldri og yngri landamerkjum og þeim landamerkjum sem nú eru í gildi, þó mér finnst það glöggvast réttast að orði komist á þessum stað: (yfir þvera mýri milli Steinsholts og Arnarholts.“*

Marknes 90a

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir sunnan Rauðalæk er Marknes. Það gengur langt suður í vaðlana fremst (syðst); á því er hár klettatangi, grasi vaxinn.

Marklækur 90b

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness, Árni Björnsson, 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir sunnan Marknes er Marklækur, sem skilur Dagverðarnes og Arnarbæli, en var um leið mörk á milli Fellstrandar- og Klofningshrepps meðan þeir hreppir voru til á árunum 1917-1986.

Hnífsholt 91

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Efsta holtið í Marknesi heitir Hnífsholt.

Brandásar 92

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir ofan Marknes eru þrjú stór holt, sem heita Brandásar og hafa heitið það um alllangan tíma, þó áður hétu þeir annað.

Selás 93

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Neðsti ásin heitir Selás. Það sést enn glögg fyrir seltóttunum, neðan til í ásnum.

Miðás 94

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir ofan Selás er Miðás og er þá komið rétt upp undir Lómatjörn en hún er í Sellandi.

Vörðuás 95

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir sunnan Miðás og er hann við landamerkin. Þetta er hár ás með háum strandklettum að norðanverðu. Annað holt en þetta getur tæpast hafa verið kallað Arnarholt, því Steinholt er Hraunfjallamegin (í Arnarbælislandi).

Krossásar 96

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Holt út og norðan undan Brandásum.

Krossásakelda 97

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Upp með Krossásum að austanverðu í Brandásarflóanum.

Stóra-borg 98

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Þver norður af Krossásum er há og stór borg, sem heitir Stóra-borg, en hún er við landamerkin milli Sels og Dagverðarness og er þá komið út að fyrrnefndu Lóni.

Lónásar – efri 99a

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Stóru-borg og niður með Lóninu heita Lónásar, efri og neðri.

Lónásar – neðri 99b

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Stóru-borg og niður með Lóninu heita Lónásar, efri og neðri.

Græni-tangi 100

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Tangi gengur norður í Lónið neðarlega móts við lónstekkin, sem heitir Græni-tangi.

Brandásflói 101

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Mjög stór flói er milli ásanna; Lónásar og Krossásar að vestan og norðan, Brandásar að austanverðu, Byrgisásar og fl. að sunnan. Þessi flói heitir Brandásafloí, og er eitt foræði og illur yfirferðar.

Stráksborg 102

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Útsuður af Lónásunum er há borg, kölluð Stráksborg.

Lónborg 103

Staðsetning: A333255 N523360 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nær bænum og rétt við endann á Lóninu er löng borg, kölluð Lónborg. Lónið nær rétt að henni, þó er kirkjuvegurinn rétt við endann á henni, og fellur oft um stórstraum þar í götuna og fast upp að borg.

Kort: Kort 1, 2.

Húsaborg 104

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Þar fyrir heiman er Húsaborgin og er þá komið heim að túni. Kirkjuvegurinn liggur norðan til með henni, við Lónið. Þegar séra Páll J. Mathiesen var í

Dagverðarnesi girti hann kring um þessa borg og ætlaði að gera hana að túni. Ekki hirti Magnús um þetta en hafði túngarðinn milli túnsins og borgarinnar.

Neðri-borg 105

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan Húsaborgina er holt eða borg, kölluð Neðri-borgin.

Hádegisskarð 106

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Milli Húsaborgarinnar og Neðri-borgarinnar er laut, kölluð Hádegisskarð. Öll þessi holt og ásar, sem nú hafa verið nefnd eru meira og minna skógi vaxin ofan að Sandhólum, þó er skógurinn mestur í Brandásunum, en enginn skógur eru á borgunum næst bænum.

Kort: Kort

Hrísey 107

Staðsetning: A335565 N524392

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Upp undan Dagverðarnestúninu og vestanvert við Lónið er stór land með mörgum holtum og flóum og heitir Hrísey, þar er þó ekki nokkur hrísluangi.

Kort: Kort 2,3.



Mynd 11. Mýri á Hrísey. © Kristín Fanndís Jónsdóttir.

Vatnsstapar 108

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Sunnan til á Hrísey, við Lónið eru allhá holt, kölluð Vatnsstapar.


Stekkjjarholt 109

Staðsetning: A335258 N523913 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Þá er langt holt um miðja Hrísey, kallað Stekkjarholt. Gamlar stekkjjarústir eru við heimari endann á því.

Kort: Kort 2.



*Mynd 12. Líklega stekkjarrústimar á Hrísey.
© Kristín Fanndís Jónsdóttir.*

Kálfsbrekkur 110

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir ofan Stekkjjarholtið eru tvö há holt og brekkur sunnan undir. Þær heita Kálfsbrekkur.

Kálfsbrekkuholt 111

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Holtin á Kálfsbrekkum heita Kálfsbrekkuholt.

Rifjahólmar 112

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Að austanverðu við þau eru hólmar og eru þrjú rif af Hrísey fram í þá; þeir heita Rifjahólmar, og er þá komið að Lóninu.

Flathólmi 113

Staðsetning: A336821 N525174

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir ofan Kálfsbrekkuholtin og efst af Hrísey liggur rif fram í allstóran hólma, og annað upp í Saltnes, sem fyrr getur. Þessi hólmi heitir Flathólmi.

Kort: Kort 3.

Langihryggur 114

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestur af Kálfsbrekkum er langt holt, sem nær rétt upp undir Kvenhólsvog og þvert yfir eyna suður að Bæjarvog. Þetta holt heitir Langi-hryggur.

Benediktsgjá 115

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Við Bæjarvoginn, syðst honum er sandgjá gegnum klettana. Hún stundum nefnd Benidiktsgjá, kennd við Benedikt, sem var vinnumaður hjá Magnúsi, ungur maður þá. Hann var að smala á Hrísey að hausti til og var nokkuð af fénu komið yfir voginn og yfir í Vesturnes. Benidikt ætlar að ganga yfir voginn en um flæði var og hann dettur ofan í, kemst ekki upp aftur og hóar mikið, Magnús heyrir til hans og hann biður að sé komið með hest upp á Hrísey en hraðar sér sjálfur af stað, en þegar hann kemur að vökinni sem Benedikt datt í, datt hann sjálfur ofan í en getur komið jaka í klofið á sér, svamlar á honum, nær í Benedikt og getur komið honum að skörinni, en þá brotnar skörin aftur og aftur. Benedikt var þá orðinn ósjálfbjarga, en á endanum heldur þó skörin og Magnús dregur hann þá eftir ísnum og upp gjána og upp á Langahrygg, þá er kominn þar bleikur reiðhestur, sem Kristín Skúladóttir átti, kona Jóns Eggertssonar í Fagradal, hún var þá stödd í Dagverðarnesi, á leið fram í Hrapsey, að finna frændfólk sitt þar. Hestur þessi var afar lítill og hét Þumlungur. Á honum er Benedikt reiddur heim. Þegar heim kemur á Benedikt að drekka heitt kaffi, en hann muldi undirskálina með tönnum eins og ekkert væri. Benedikt jafnaði sig og lifði í mörg ár eftir þetta, en gjáin hefur verið kennd við hann síðan.

Hnúkstangi 116

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir ofan Langahrygg gengur tangi upp í Kvenhólsvog, hann heitir Hnúkstangi.

Hnúkstangahólmi 117

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Við Hnúkstanga vestanverðan er hólmi sem heitir Hnúkstangahólmi.

Akurey 118

Staðsetning: A335066 N525018

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Langt nokkur vestar en Hnúkstangahólmi er há ey, kölluð Akurey og sést það austanvert á henni, upp undan rifinu, votta fyrir litlum girðingum, raunar ekki svo litlum um sig.

Kort: Kort 2.

Akureyjarsker 119

Staðsetning: A335324 N525286

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Skerin norður af Akurey heita Akureyjarsker.

Kort: Kort 2.

Hvíldarhólmi 120

Staðsetning: A334864 N524658

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Suður af Akurey er hólmi sem heitir Hvíldarhólmi.

Kort: Kort 2.

Straumavararklettur 121

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Næst [Strák]straumnum eru Straumvararklettur.

Skjólhamar 122

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Rétt heiman Langa-hrygg er stór og há borg, hæsta borgin á Hrísey, hún heitir Skjólhamar.

Skjólhamarsflói 123

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Mýrin milli hans og Langahryggs var kallaður Skjólhamarsflói.

Skáley 124a

Staðsetning: A335606 N521485

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Skáley er í Dagverðarnesslandi með mörgum holtum, ásum og mýrasundum á milli.

Kort: Kort 4,5.

Skáleyjarvatn 124b

Staðsetning: A336248 N521319

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Um miðja Skáley er dálítill tjörn, sem hefur þó verið kölluð Skáleyjarvatn.

Kort: Kort 5.

Vaðlar 125

Staðsetning: A336064 N522201

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Milli Skáley og meginlandsins (suður-landsins) heita Vaðlar og liggur hún fyrir öllu suðurlandinu í Dagverðarnessi, Marknesi, Digranesi, Skálanesi og jafnvel Purkeyjarásunum. Hingað og þangað liggja rif milli Skáleyjar og meginlands, en þó eru þau hvergi svo, að mögulegt sé að komast þurrum fótum fram í hana.

Kort: Kort 5.

Einiberjahólmi 126

Staðsetning: A336437 N522182, A336423 N522086 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Í vöðlunum eru nokkrir hólmar. Tveir allstórir hólmar eru vestanvert við Marknes og heita þeir hvor um sig Einiberjahólmi, efri og fremri.

Kort: Kort 5.

Digranesflaga 127

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Rif liggja fram að þeim, en fjarar í hvorugan, annar er nálægt Marknesi en hinn nálægt Skáley og stutt á milli þeirra, en sundin eru öll djúp. Það var talsvert af eini í nyrðri hólmanum. Við Digranes austanvert er flaga, kölluð Digranesflaga.

Vaðlahólmar 128

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestan til í Vöðlunum, fram undan Skálanesi, eru margir hólmar og einn þeirra hár og stór, og er hátt rif fram í hann undan Skálanesi; þessir hólmar heita allir sameiginlega Vaðlahólmar.

Vesturhaus 129

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Ef farið er af stóra hólmanum yfir mjósta vaðalinn fram í Skáley, þá er komið undir Vesturhausinn, sem er nokkuð há borg.

Norðurvogur 130

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austur af Vesturhaus er vogur kallaður Norðurvogur.

Norðurholt 131

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Norður og austur af veginum eru holt, allstór um sig, ná upp að Vöðlum á móti Einiberjahólmunum; heita þau Norðurholt.

Austurhaus 132

Staðsetning: A336943 N521608 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austast á Skáley er allstór borg, grasi vaxin; heitir hún Austurhaus.

Kort: Kort 5.

Austurvaðlar 133

Staðsetning: A337020 N521730 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Undan Austurhaus eru nokkuð há rifjaslitur og liggja upp undir Borgartanga í Arnarbælislandi. Þetta eru kallaðir Austurvaðlar.

Kort: Kort 5.

Skollatangi 134

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Við Austurvaðla beygist Skáley í nokkurn veginn beinni línu til útsuðurs í stefnu á Purkey og syðst á henni heitir Skollatangi.

Skollhólmi 135

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Austan við Skollatanga er hólmi, sem heitir Skollhólmi.

Vörðuhólmi 136

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestan til við [Norður]voginn, hjá Skollatanga, er lyngi vaxin hólmi, kallaður Vörðuhólmi.

Stráksstraumur/Skáleyjarstraumur/Skálastraumur 137

Staðsetning: A335075 N521113 (ekki staðfest hnit)

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Suður af Lyngey er hólmi sem heitir Strákshólmi og við hann straumur, sem heitir Stráksstraumur. Sundið milli Skáleyjar og Purkeyjar heitir Skálastraumur; gæti hafa verið Skáleyjarstraumur.

Kort: Kort 4.

Bæjarsker 138

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Vestast í straumnum er sker, fram undan túninu, þau heita Bæjarsker.

Líkhólmi 139

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkru innar en Bæjarsker er hólmi, sem heitir Líkhólmi.

Spillisflaga 140

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Inn af Líkhólma er sker, sem tæpast fellur yfir, kallað Spillisflaga.

Spillir 141

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Milli Spillisflögu og Vörðuhólmans er sker sem heitir Spillir.

Reiðsteinn 142

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness.

Lýsing/ Staðhættir: Við Spillisflöguna sunnanverða er steinn, sem kallaður er Reiðsteinn; þegar fallið er ofan í hann miðjan, er reitt orðið yfir Skálastraum og fram í Purkey, en þegar þurrt er fram á hann af flögunni, þá er vel vætt yfir strauminn frá flögunni, en það verður ekki nema um stærstu fjörur.

Nú hefur Skáley ekki verið byggð um langan tíma, en þó var alltaf haldið við húsum og húsfólk var þar oft. Þó hefur ekki verið búið í henni í mörg ár í dag. Það eru nokkuð fá nöfn á mýrum í Dagverðarnesi, og er það vegna þess að þær höfðu flestar óákveðin nöfn, t.d flóinn hjá Sandhólunum, flóinn fyrir neðan Stekkjarborgina, en þó kölluðu sumir það Sandhólaflóann, en allt er þetta það sama og svo er um fleiri mýrar.

Padda 143

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness. Selma Kjartansdóttir.




Lýsing/ Staðhættir: Smásker fram undan tanganum, þar sem vegurinn er þrengstur milli símastursins og klettsins.

Pöddutangi 144

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.


Heimild: Örnefnaskrár Dagverðarness. Selma Kjartansdóttir.

Lýsing/ Staðhættir: Tanginn fram undan klettinum hjá Pöddu.
















Umræður

Örnefni þróast með breyttum aðstæðum, því er mikilvægt að uppfæra örnefnasöfn og -skrár til þess að stuðla að varðveislu þeirra. Nútímatækni gerir þessa vinnu bæði nákvæmari og auðveldari og með reglulegum skráningum er hægt að halda utan um alla þróun og breytingar á íslenskum örnefnum.

Skráð voru alls 151 örnefni í landi Dagverðarness en 67 af þeim náðust ekki á kort vegna skorts á heimildamönnum.

Eins og bent hefur verið á er mikilvægt að halda utan um breytingar á íslenskum örnefnum og því verður örnefnaskráningu seint lokið.

Þakkir

Gerð þessa verkefnis hefði verið ómöguleg án aðstoðar heimildarmanna í röðum heimamanna sem var að þessu sinni Kristinn Sveinsson sem er búsettur í Reykjavík. Kristínu Fanndísi Jónsdóttur er einnig þakkað fyrir upplýsingar og myndir, og þar af forsíðumynd. Sveinn Pálsson sveitastjóri er tengiliður Dalabyggðar. Meðlimir Breiðafjarðarnefndar gerðu athugasemdir. Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða Þorleifur Eiríksson hefur yfirumsjón með verkefninu.

Heimildir

Forsíðumynd: Kristín Fanndís Jónsdóttir.

- Árni Björnsson. 2011. *Í dali vestur - Ferðafélag Íslands árbók 2011*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. Endurútgefin (ljósprentuð eftir eldri útgáfu) af Sögufélagi Reykjavíkur 1983.
- Brink S, 1999. Social order in the early Scandinavian landscape. Í Fabeck C., Ringtved J. (ritstjórar), *Settlement and landscape* (bls. 423-439). Århus: Jutland Archaeological Society Press.
- Guðrún Gísladóttir, 1980. *Örnefni í Álftaveri*. Óbirt BS-ritgerð í landafræði: Háskóla Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeild.
- Hulda Birna Albertsdóttir, 2010. *Örnefnaskráning í Dalabyggð. I. Hluti - Ólafsdalur*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 19-10. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir, 2012. *Örnefnaskráning í Dalabyggð. II. Hluti - Stóra- og Litlaholt*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 15-12. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. 2012a. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – III. Hluti - Tjaldanes og Lambanes*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 16-12. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. 2012b. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – IV. Hluti – Innri Fagridalur – Fagradalstunga*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 17-12. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013a. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – V. Hluti – Ytri Fagridalur*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 03-13. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013b. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – VI. Hluti – Heinaberg og Nýp*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 04-13. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013c. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – VII. Hluti – Klifmýri, Tindar og Búðardalur*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 05-13. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013d. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – VII. Hluti – Skarðsá og Geirmundarstaðir*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 06-13. Bolungarvík.

- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013e. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – IX. Hluti – Skarð*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 32-13. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013f. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – X. Hluti – Á og Kross*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 29-13. Bolungarvík.
- Hulda Birna Albertsdóttir. 2013g. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – XI. Hluti – Kvennahóll og Stakkaberg* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 30-13. Bolungarvík.